

**Sp. 119. Tillaga til þingsályktunar** [103. mál]  
um rekstrarlán til sauðfjábænda.

Flm.: Ragnar Arnalds, Helgi F. Seljan, Jónas Árnason, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að tryggja bændum viðunandi rekstrarlán út á sauðfjárafurðir, og skal við það miðað, að lánin verði veitt á tímabilinu frá ársbyrjun til ágústloka ár hvert og verði þá orðin 75% af væntanlegum afurðalánnum.

**Greinargerð.**

Bændur, sem stunda sauðfjárþúskap, og samvinnufélögin, sem við þá skipta, eiga nú í miklum erfiðleikum vegna skorts á rekstrarfé, og útlit er fyrir, að þessi vandi muni enn aukast á árinu 1976.

Eins og kunnugt er, þarf sauðfjárþúskinn að leggja í mikinn kostnað við þúskap sinn að vetri, vori og sumri, og þessi kostnaður skilar sér ekki aftur fyrr en síðla hausts. Veitt eru afurðalán til bænda frá Seðlabanka og viðskiptaböndum, þegar varan er komin í söluhæft ástand, hvort sem um er að ræða mjólk eða kjöt, og nema lánin 65—68% af heildarsöluverðmæti afurðanna. Dugar þetta fyrirkomulag þolanlega fyrir mjólkurframleiðendur, en sauðfjárþúskur þurfa hins vegar að brúa bilið frá ársbyrjun og þar til afurðalánin fást greidd.

Reynt hefur verið að bæta úr þessum vanda með lánunum úr bankakerfinu á tímabilinu frá mars til ágústmánaðar, en þessi lán, sem námu 900 kr. á slátraða kind haustið 1973, hafa farið hlutfallslega lækkandi um langt skeið og eru löngu orðin algerlega ófullnægjandi.

Í þessu sambandi má nefna hér tölur, sem fram komu á síðasta Búnaðarþingi: Rekstrarlán til bænda námu um 65% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða ársins 1958, en á fyrstu árum „viðreisnarstjórnar“ rýrnuðu þau mjög verulega og voru árið 1963 komin niður í 34% af framleiðsluverðmæti afurðanna. Síðan hafa lánin lækkað hlutfallslega ár frá ári og voru á árinu 1974 aðeins rúm 21% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða.

Á árinu 1975 hefur rekstrarfjárförf sauðfjábænda og viðskiptaaðila þeirra aukist verulega vegna stórfelldrar verðbólgu og vaxtahækkana. Áburðarverð hækkaði á árinu um 76.3% og gífurlegar hækkanir urðu á öðrum rekstrarvörum, ekki síst kjarnfóðri. Rekstrarlánin hafa því verið hækkuð, en aukning lána hefur þó ekki gert meira en að halda í við verðbólguna. Svo dæmi sé nefnt frá Sölufélagi Austur-Húnavetninga hafa rekstrarlánin aukist að krónutölu um 60%, en það er nákvæmlega sama hlutfallstala og gildir um aukningu framleiðsluverðmæta frá fyrra ári.

Versnandi lánafyrirgreiðsla bankakerfisins hefur valdið vaxandi erfiðleikum í rekstri margra samvinnufélaga, og hefur vandinn orðið því stórfelldari, þeim mun stærri þáttur sem viðskipti sauðfjábænda eru í rekstri félaganna, en eins og fram kemur í töflu úr Árbók landbúnaðarins 1972—1973, sem hér er prentað sem fylgi-

#### Fylgiskjal.

Áætlun um verðmæti sauðfjárafurða og nautgripaafurða til fyrirtækja framleiðsluárið 1972/1973 eftir búnaðarsambands svæðum.

	Afurðir sauðfjár		Afurðir nautgripa	
	Þús. kr.	% <sup>1</sup>	Þús. kr.	% <sup>1</sup>
Bs. Kjalarnesþings .....	60 906	46	70 946	54
Bs. Borgarfjarðar .....	149 001	36	263 632	64
Bs. Snæfellsness .....	70 453	52	64 519	48
Bs. Dalamanna .....	100 105	68	46 651	32
Bs. Vestfjarða .....	129 694	70	57 581	30
Bs. Strandamanna .....	84 490	92	7 389	8
Bs. Vestur-Húnavetninga .....	126 652	66	66 127	34
Bs. Austur-Húnavetninga .....	138 665	60	91 988	40
Bs. Skagfirðinga .....	152 520	45	187 707	55
Bs. Eyjafjarðar .....	143 558	21	531 571	79
Bs. Suður-Þingeyinga .....	150 515	45	182 365	55
Bs. Norður-Þingeyinga .....	101 894	91	10 213	9
Bs. Austurlands .....	278 056	76	86 770	24
Bs. Austur-Skaftfellinga .....	56 677	60	37 420	40
Bs. Suðurlands .....	366 808	29	911 167	71
Samtals á grundvallarverði ..	2 109 944	45	2 616 046	55
Hlutfallsleg hækkun í vinnslu- og dreifingarlið, % .....	23 89		38 38	
Samtals á heildsöluverði ....	2 614 072		3 620 084	

1 Af samanlögðum verðmætum afurða sauðfjár og nautgripa reiknað á meðalgrundvallarverði ársins 1972.

skjal, er sauðfjárbúskapur stærsti þáttur landbúnaðarframleiðslunnar víða um land, einkum í Dölum, á Vestfjörðum og á Ströndum, í Húnavatnssýslu, Norður-Þingeyjarsýslu, á Austfjörðum og í Austur-Skaftafellssýslu.

Forráðamenn margra kaupfélaga, einkum norðanlands og austan, hafa varað við því, að rekstrinum væri stefnt í algert strand, ef úrlausn fengist ekki, og þarf ekki að færa frekari rök að því, að afkoma hundraða sauðfjárþænda er hér í húfi.

Þetta vandamál getur ríkisstjórnin að sjálfsögðu leyst með einföldum hætti í samvinnu við Seðlabankann. Óljósar yfirlýsingar heyrðust frá ráðherrum á s. l. vetri um væntanlegar úrbætur, en þegar á reyndi urðu úrbæturnar ekki meiri en svo, að þær rétt jöfnuðust á við verðlagshækkanir. Allt situr því við það sama og var á s. l. vetri, þegar tillaga þessi var fyrst flutt, en hún hlaut þá ekki afgreiðslu.

Í landbúnaðarmálum eru mörg óleyst viðfangsefni, til dæmis hvað varðar skipulagningu framleiðslunnar og aukningu á innlendri framleiðslu kjarnfóðurs og áburðar. Verulegar endurbætur á rekstrarlánnum sauðfjárþænda eru hins vegar sjálfsagt réttlætismál og verulegt nauðsynjamál fyrir þessa atvinnugrein.